

## MENNING

# Landslag nútímamannsins

## AF LISTUM



Einar Falur Ingólfsson

Hver er ímynd Reykjavíkurborgar? Og hvernig á að sýna fólki þessa hálfslundurlausu borg? Bragi Þór Jósefsson ljósmyndari tekst það verk á hendur í nýrri og myndarlegri bók. Titillinn gefur ætlunarverk hans til kynna: Reykjavík – og svo bætir hann við: út og inn.

Út og inn, og aðallega út. Það er málið.

Hver eru hin hefðbundnu sjónarhorn á borgina? Rammi af Þingholtunum, þar sem Hallgrímskirkja gnæfir yfir húsin. Önnur mynd er frá Austurvelli, af Dómkirkju og Alþingishúsi. Þriðja myndin er einnig tekin þar, af fólki á góðvörðisdegi. Fjórða myndin gæti verið af hvalbátum, sú fimmta af styttni af Ingólfi Arnarsyni, og svo ein tekin úr Hallgrímskirkjuturni, yfir marglit þök miðborgarinnar.

Þannig sýna erlendir ljósmyndarar höfuðborgina, þegar þeir koma til landsins að myndskreyta tímaritsgrein sem gæti heitið 48 tímar í Reykjavík. Ég gleymdi reyndar að minnst á myndina frá einhverjum barnum sem þyrfti þá einnig að vera í greininni.

● ● ●

Bragi Þór sýnir í bókinni mikilvægi þess að skoða Reykjavík út og inn. Hann sýnir vitaskuld miðborgina og heldur annan kafla menningunni. En Bragi er slyngur tímaritljósmyndari, og hefur meðal annars sérhæft sig í arkitektúr-ljósmyndun, og hann leyfir þeim þáttum virkilega að njóta sín. Einn kaflinn heitir því Ásýnd og arkitektúr, þar sem fjallað er um einkenni á borgarmyndinni, iðulega með stílhreinum nærmyndum þar sem vel er unnið úr ljósi og formum. Þegar miðbæjarkafnanum sleppir koma síðan hinir mikilvægu kaflar, sem svo oft eru vanræktir í umfjöllun um borgina. Það er farið í Vesturbæinn, Austurbæinn – og svo úthverfin. Þarna eru einkenn-



Ljósmynd/Bragi Þór Jósefsson

**Bakgarðar** Bak við virðulegar verslanir í miðborginni þróaðist flókin byggð bakhýsa, skúra og hvers konar kofa.

andi ljósmyndir úr Árbæ og Breiðholti, Grafarvogi og Grafarholti. Jafnt nýjar raðhúsalengjur og gamli Árbærinn sem unglíngar á rólúvelli á laugardagsmorgni í Breiðholti. Þar birtist flott úthverfastemning; kerran úr Bónus mætt við sandkassann og blokkirnar rísa í bakgrunni.

Nágrannasveitarfélögin fá einnig kafla, blessunarlega, því þau fylla líka inn í heildarmyndina. Sportbílinn við mannlausa götu á Arnarnesi og Hamraborgin í Kópavogi; allt er þetta hluti af heildarmyndinni.

● ● ●

Það sem gerir bók Braga Þórs svo vel lukkaða er enn fremur að hann er að mynda allt árið. Stundum lýsir sól upp fáklædda sól-

» Stundum lýsir sól upp fáklædda sólunnendur, en við erum líka á ferðinni með Braga Þór í kafaldsbyl og fjúki. Þannig tekst honum að skapa svo raunsanna mynd af þessum heimi sem við búum í. Af mannfárrni en samt margbrotinni borg.

unndur, en við erum líka á ferðinni með Braga Þór í kafaldsbyl og fjúki. Þannig tekst honum að skapa svo raunsanna mynd af þessum heimi sem við búum í. Af mannfárrni en samt margbrotinni borg.

Ekki má gleyma þætti textasmíðsins, Illuga Jökulssonar, því hann er stór. Afslappaður texti hans flæðir um síðurnar, fræðandi og nægilega frónískur. Illugi rekur tilurð þessarar borgar, sem um aldri virtist ekki ætla neitt „annað

en að verða ævinlega lítilsmegandi útnes á hinu stóra Íslandi: ágætt bæjarstæði en úr alfaraleið“.

● ● ●

Illugi fjallar jafnt um þjóðareinkenni sem meinta Íslandsvini, um eðli miðborgarinnar og um breytinguna sem varð þegar íbúar borgarinnar hættu að skammast sín fyrir hana og fóru að átta sig á því að „Esjan þeirra var engu ómerkilegra fjall en fjöllin sem um-

kringt höfðu gamla niðurnídda torfbæinn“ þar sem forfedurnir höfðu hokrað.

Bragi Þór og Illugi sýna okkur borg sem þenst út, og á sér bæði gömul hverfi og ný. „Og þar sem vindurinn blés áður óhindrað og hristi til teikningar skipulagsfræðinganna og arkitektanna sem góndu í kringum sig í ósnortinni náttúrunni, þar eru húsin nú risin, komnar garðirnar í alla glugga, reiðhjól liggja upp við húsin, leikvöllur hefur verið útbúinn þar sem börnin gátu mokað til og frá kolsvörtum, aðfluttum sandi, og það eru komnar verslanir og sjöppur og myndbandaleigur og líkamsræktarstöðvar ... það er landslag nútímamannsins.“

Og Reykjavík okkar – út og inn. [efi@mbl.is](mailto:efi@mbl.is)

## Töfrandi heimur

## MYNDLIST

Hafnarhúsið


Samsíða heimar, Ingibjörg Jónsdóttir  
★★★★☆

Til 11. janúar. Opíð alla daga frá kl. 10–17 og til kl. 22 á fim. Aðgangur ókeypis.

FYRIR tveimur árum var Ingibjörg Jónsdóttir með persónulega og heilsteypta sýningu í Listasafni ASÍ og sýndi þar að hún er ein okkar áhugaverðustu veflistamanna. Nú kemur hún aftur á óvart með grípandi innsetningu í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, undir titlinum Samsíða heimar.

Ingibjörg sýnir annars vegar veggverk og hins vegar hefur hún byggt og breytt sýningarsalnum í lokað rými fyrir innsetningu sem vex eins og gróður upp með veggjunum. Þræðir í nokkrum litum, sumum sjálflyfsandi, eru undnir upp á mjó kefli sem fest eru saman í sköpun viðkvæmrar byggingar.

Í þessu aflokaða rými hefur Ingibjörg sett upp þriggja mínútna ljósaýningu sem minnir á skiptingu dags og nætur. Litur veggjanna breytist í mismunandi



**Þræðir** „Innsetningin minnir á lífrænan gróður, strúktúr barnaleikfangs, eða vísindalega rannsókn en tengingin við vefnað er einnig sterk ...“ segir meðal annars í dómi.

birtu, einnig litir þræðanna á keflunum og skuggarnir lifna og hverfa á víxl. Innsetningin minnir á lífrænan gróður, strúktúr barnaleikfangs, eða vísindalega rannsókn en tengingin við vefnað er einnig sterk, nokkuð sem verður til á löngum tíma.

Tíminn er áleitinn þáttur í verkum Ingibjargar og hér renna saman áreynslulaust samtíminn og hefðirnar, auk þess sem tími áhorfandans verður órjúfanlega hluti af verkinu.

Ég var svo heppin að vera stödd í salnum um leið og hópur leikskólubarna sem undu sér vel í þess-

um töfrandi heimi, svo vel að þegar ég fór var enn verið að biðja um meira, „Bara einu sinni enn“, og gaf það verkinu aukið líf um leið og hér kom í ljós að innsetningin virkar ekki sem tilefni til vangaveltna. Texti í sýningarskrá yfir undir hið síðarnefnda.

Veggverk ofið úr steinflögum, pergamenti og nælonþræði er síðan forvitnilegt verk, nútímalegt og sígilt í senn. Sýningin gefur til kynna breidd í vinnubrögðum listakonnar og ekki hefði verið verra að sjá meira.

Ragna Sigurðardóttir

## Tvær sönötur

## TÓNLIST

Kjarvalsstaðir

Kammertónleikar★★★★☆

**Atli Heimir Sveinsson: Flautusónata; Fídlusónata (frumfl.). Áshildur Haraldsdóttir flauta og Anna Guðný Guðmundsdóttir píano; Una Sveinbjarnardóttir fíðla og Wolfgang Kühnl píano. Mánudaginn 22. september kl. 20.**

ÞRIÐJU tónleikar ársins í tilefni sjötugsafmælis Atla Heimis Sveinssonar fóru fram á Kjarvalsstöðum við ágæta aðsókn undir yfirskriftinni „sönötur“. Eins og af uppruna ítalska orðsins leiðir, *sonare* = að hljóma (þ.e. úr hljóðfæri), var hvorugt verkanna heimfærandi upp á klassískt „sönötuform“ frekar en samnefnd verk seinni tíma, heldur horfið aftur til upphafsmerklingar þegar sönötur voru einfaldlega leiknar en kantötur sungnar.

Ég heyrði hér Flautusónötu Atla í þriðja sinn, eftir frumflutning Áshildar og Önnu Guðnýjar á Myrkum músíkdögum í Salnum 4.2. 2005 og í Þjóðleikhúsinu 13.5. 2007. Um skoðun annarra hlustenda veit ég ekki, en fyrir mína parta get ég ekki sagt að verkið hafi batnað að hlustvænleika við aðra endurheyrn. Enn sem fyrir fannst mér það allt of langt (38 mín.; að líkindum meðal lengstu verka í heimi fyrir þessa áhöfn) – sérstaklega miðað við ein-

kennilega áhrifarýrt inntak og hugfengi. Jafnvel þótt heilir átta þættir ættu í fljótu bragði að geta tryggt næga fjölbreytni, þá dró sá fjöldi á móti úr auðheyrnlegu samhengi. Þrátt fyrir augljósa færni og innlifun flytjenda hélt verkið því ekki athygli manns sem skyldi, og sat að sama skapi lítið eftir.

Heldur hresstist þó Eyjólfur eftir hlé við frumflutning hinnar tvíþætta Fídlusónötu [28]. Þótt mun að hefði um minna en tíu mínútna skemmri spiltíma (auk litaaugði fíðlunnar að flautunni ólastaðri), þá verkaði sönatan einkum talsvert bitastæðari og innblásnari í mínum eyrum en systurverkið. Hvort kærkominn veraldlegur húmorvotturinn í „búggivúgg“–innslagi II. Þáttar hafi þar haft meira að segja en ljóðræn fíðlumelódíkin, er söng af hjartans einlægni í skemmtilegri andstöðu við stundum tröllaukinn hamaganginn úr slaghörpunni, er erfitt að segja. En alltjentu nutu andstæður finlega strokkins lagferlis við kraftmiklar píanóúthleðslur sín oft á furðuheillandi hátt. Túlkin var til viðbótar af fyrstu gráðu, og þurfti engin leðurblöku-eyru til að greina stórum hlýlegri viðtökur áheyrenda að leikslökum en eftir fyrri hálfleik.

Ríkarður Ö. Pálsson